

#### **4. fundur skólanefndar ársins 2014 vegna Undralands, haldinn 26. maí 2014 í leikskólanum, kl. 18.00. 26. fundur á kjörtímabilinu 2010-2014.**

Mætt: Helgi Jóhannesson formaður, Unnsteinn Eggertsson, sem ritaði fundargerð, Bjarney Vignisdóttir, Sigfríð Lárusdóttir, fulltrúi foreldra, Halla Gunnarsdóttir leikskólastjóri og Arnheiður S. Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks.

#### **Dagskrá:**

- 1. Skýrsla skólastjóra.**
- 2. Skóladagatal 2014-2015.**
- 3. Starfsmannamál.**
- 4. Markmið skóla og skólaþjónustu, kynning.**
- 5. Önnur mál.**

Formaður setti fund og bauð viðstadda velkomna. Gengið var til dagskrár.

#### **1. Skýrsla leikskólastjóra.**

- ❖ Mikið hefur verið unnið í að bæta samskipti milli starfsmanna á leikskólanum. Eyþór Eðvarðsson frá Þekkingarmiðlun kom til okkar og tók viðtöl við alla starfsmenn. Eyþór kom með tillögur að úrbótum og horfði hann þá til næsta starfsárs. Fráfarandi leikskólastjóri beið eftir nýjum leikskólastjóra til að setja hann inn í málin og ræða síðan við millistjórnendur um framhaldið á þeirri vinnu. Kynna þarf síðan þessa vinnu á næsta starfsmannafundi í júní.
- ❖ Í mars, apríl og maí höfum við haft örnámskeið hér í leikskólanum. Við byrjuðum á að fá Hrafnhildi Karlsdóttur kennsluráðgjafa með námskeið í Tákni með tali. Við höfðum svo þrjú til viðbótar þar sem starfsmenn skólans sáu um upprifjun í tónlist, myndlist og einingakubbum. Þórdís sá um tónlistina, Jónína sá um myndlistina og Adda Sigga og Freyja sáu um einingakubbana. Allar stóðu þær sig með miklum sóma og voru starfsmenn sammála um að allir höfðu mikið gagn af. Það er mikil þekking hér innanhús og um að gera að miðla þeirri þekkingu áfram með t.d. svona námskeiðum.
- ❖ Vorskólinn var í annarri viku maí í þrjá daga. Elstu börnin og 1.bekkur fóru í gönguferð saman. Þau fóru í sundkennslu hjá Árna sem var mikið ævintýri. Síðasta daginn var farið í skóginn og þar voru grillaðar pylsur og sykurlúður og farið í leiki. Börnin voru alsæl eftir skemmtilega daga. Samstarf leikskóla og grunnskóla hefur gengið afskaplega vel og orðinn einn af föstu liðunum í skólagöngu elstu barna leikskólans.
- ❖ Rusladagurinn var 9.maí og tók leikskólinn þátt, ásamt Flúðaskóla, í fyrsta skipti. Farið var yfir skólasvæðið og týnt heilmikið af rusli. Allir fengu grillaðar pylsur á eftir. Dagurinn tókst mjög vel og verður vonandi árlegur viðburður hér eftir með þessu sniði.
- ❖ Vorhátíðin okkar var 14. maí í ágætis veðri og allir gátu leikið úti á stöðvum. Borðaðir voru grillaðir hamborgarar sem foreldrafélagið sá um að grilla. 1.bekkur kom og tók þátt með okkur og fóru allir skrautlegir í framan úr leikskólanum þennan dag.
- ❖ Vorsýningin okkar var 23 maí og lukkaðist hún mjög vel og var hin glæsilegasta, starfsfólkið leggur sig allt fram í uppsetningu verkanna og á mikið hrós skilið. Börnin sungu vel valin lög og gerðu það lista vel og af mikilli innlifun. Foreldrafélagið sá um

kaffi, djús og grænmeti. Kökubasar foreldrafélagsins gekk líka mjög vel og voru allar kökur seldar áður en Vorsýningu lauk.

- ❖ Garðyrkjuvikan var næst síðustu viku maí. Sett voru hin ýmsu fræ í potta og kartöflur settar niður.
- ❖ Skógarkot fór í gönguferð að byrgi Fjalla-Eyvindar í fylgd Halldóru Hjörleifsdóttur. Ferðin gekk mjög vel og ýmislegt rannsakað á leiðinni og í byrginu.
- ❖ Í júní stendur mikið til að venju. Við höfum þrjár viðburðavikur og þær eru: fjallgönguvika, vatnsvika og skógarvika. Hlökkum við mikið til þeirra.
- ❖ Börnunum fækkar aðeins núna í júní, en mun minna en hefur verið undanfarin ár.
- ❖ Við fáum heimsóknir reglulega í leikskólann. Eru það oftast starfsmannahópar sem eru í ýmis konar vinnu í kennarabústöðunum og koma svo til okkar í vettvangsheimsókn.
- ❖ Starfsmannahald næsta vetur breytist. Erla Björg Arnardóttir lét af störfum 14.maí og Halla Gunnarsdóttir, leikskólastjóri fer í sumarfrí 15.júní og hættir 1.ágúst. Auglýst var eftir leikskólastjóra og sóttu tvær um. Halldóra Halldórsdóttir var ráðin. Ákveðið var að auglýsa eftir deildarstjóra og kemur eingöngu leikskólakennari til greina í þá stöðu. Ef leikskólakennari fæst í stöðuna verður einum leiðbeinenda sagt upp störfum. Aðrir starfsmenn vilja halda áfram í mjög svo breytilegu starfshlutfalli.
- ❖ Búið er að setja saman Leikskóladagatal fyrir starfsárið 2014-2015. Farið er fram á þrjá undirbúningsdaga til viðbótar. Einn yrði námskeiðsdagur í samstarfi við skólaþjónustuna. 1.september verður sameiginlegur námskeiðsdagur fyrir leikskóla og grunnskóla í Þorlákshöfn. Annar undirbúningsdagurinn væri 15. maí sem nýttur væri til frágangsvinnu og undirbúnings fyrir vorsýningu leikskólans og þriðji væri síðasti dagur fyrir sumarfrí til frágangs og þríf eftir veturinn. Þetta yrðu þá 7.starfsdagar yfir skólaárið.
- ❖ Búið er að setja fram markmið skóla- og skólaþjónustu í Árnesþingi fyrir árin 2014-2017. Markmiðin eru afrakstur hugarflugsfundar sem haldinn var 12.febrúar 2014. Þar unnu skólastjórnendur, sveitastjórnarmenn og starfsmenn skólaþjónustu Árnesþings að því að móta skýr sameiginleg markmið í skólamálum fram til ársins 2017.

## **2. Skóladagatal 2014-2015.**

Leikskólastjóri fór yfir dagatal leikskólans fyrir næsta starfsár, 2014-2015. Rætt um og farið yfir einstaka liði þess. Lagt er til að fjölga starfsdögum. 1.september verður sameiginlegur námskeiðsdagur fyrir leikskóla og grunnskóla, haldinn í Þorlákshöfn. Annar undirbúningsdagurinn væri 15. maí sem nýttur væri til frágangsvinnu og undirbúnings fyrir vorsýningu leikskólans og þriðji væri síðasti dagur fyrir sumarfrí til frágangs og þríf eftir veturinn. Skólanefnd samþykkir dagatalið.

## **3. Starfsmannamál.**

Leikskólastjóri fór yfir starfsmannamálin og skipulag. Auglýst verður eftir deildarstjóra á næstunni og kemur eingöngu leikskólakennari til greina í þá stöðu.

#### 4. Markmið skóla og skólaþjónustu.

Leikskólastjóri fór yfir vinnu sem unnin hefur verið varðandi markmið skóla- og skólaþjónustu í Árnesþingi fyrir árin 2014-2017 og lagði fram til kynningar bækling varðandi þessa vinnu.

#### 5. Önnur mál.

- a. **Staða aðstoðarleikskólastjóra.** Halla skýrði frá samskiptum við Félag stjórnenda í leikskólum sem bent hafa á og telja að aðstoðarleikskólastjóri skuli vera starfandi í leikskóla þar sem fleiri en 33 börn eru í námi. Samband sveitarfélaga tekur ekki undir þessi sjónarmið og telur að staðgengill geti komið úr röðum starfsmanna (deildarstjóri). Næsta vetur verður fjöldi barna í leikskólanum tæplega 40.

Skólanefnd leggur til að nýr leikskólastjóri vinni að því að skapa svigrúm í vinnutíma til að staðgengill leikskólastjóra geti unnið með honum í þeim nauðsynlegu málum sem snúa að skipulagi leikskólans, t.d. hvað varðar innleiðingu nýrrar sameiginlegrar skólastefnu og markmiðum skóla og skólaþjónustu.

- b. **Umsóknir um undanþágu.** Teknar fyrir tvær umsóknir frá foreldrum barna þar sem sótt er um undanþágu frá aldursmörkum, sbr. reglur leikskólans. Skólanefnd samþykkir umsóknirnar.

Fleira var ekki gert.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.50.